



Reykjavík 04.06.2020

Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 3. júní 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### Reykjavíkflugvöllur

Lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019 br. 13. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ísavia dags. 29. janúar 2020 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020. Einnig er lagt fram minnisblað Borgarlínunnar dags. 30. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

*Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.  
Vísad til borgarráðs*

*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:  
Skipulagsyfirlögd leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Nauthólsvík og Reykjavíkflugvallar. Færa á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú. Fulltrúi Flokks fólksins vill aftur minna hér á fyrirhugaðar skemmdir á fjörum sem allt þetta ætlar að hafa í för með sér. Til að geta lagt umferðartengingu milli Nauthóls og Fossvogsbrúar þarf landfyllingu. Veitur gera athugasemd og segja að fyrirhuguð landfylling sem kynnt er í breytingunni á deiliskipulagi raski útrásarenda fyrir regnvatn vestan við Nauthólsvík. Er ekki hægt að skipuleggja þetta öðruvísi? Flugvöllurinn er ekki á fjörum. Breytingartillagan ber með sér óvissuna sem felst í því hvort flugvöllurinn verður eða fer. Uppbygging með flugvöllinn á staðnum er bara allt önnur en uppbygging sem yrði, fari flugvöllurinn úr Vatnsmýrinni. Hér eru lagðar fram ábendingar frá Ísavia og íbúaráði Miðborgar og Hlíða, báðar afar mikilvægar. Sú síðari lýtur að aðgengismálum og að í öllu deiliskipulagi sé liður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið fyrir eins og segir í athugasemdinni/ábendingunni. Það vantar alveg að gera grein fyrir aðgengismálum í tillögum að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur og Reykjavíkflugvallar. Eftir því sem fulltrúa Flokks fólksins skilst á að bregðast við þessum athugasemdum.*




*Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:*  
*Aldrei er heildarmyndin sýnd. Hér er verið að færa öryggisgirðingu flugvallarins og því verið að minnka svæðið í kringum flugvöllinn sem nemur tæpum 4.500 fermetrum. Er þetta gert til að koma fyrir 270 metra langri og 15 metra breiðri brú sem áætlað er að komi yfir Fossvoginn, á að kosta 2,4 milljarða og ekkert fjármagn fyrirbyggjandi. Allt í sambandi við brúnna er í uppnámi vegna ólöglegs útboðs. Eyðileggingin heldur áfram. Isavia varar við að helgunarsvæði aðflugsbúnaðar sé raskað og að ekki megi rjúfa hindrunarflöt flugvallarins. Flugvöllurinn er í mikilli hættu, þetta er gróf aðför að honum og öryggissjónarmiða er ekki gætt. Gert er ráð fyrir að brúin liggi frá flugbrautarenda Reykjavíkflugvallar, vestan Nauthólsvíkur, yfir á norðausturhluta Kársnestáar en þar eru 340 metrar á milli bakka. Landfyllingar verða gerðar báðum megin við sitt hvorn brúarendann. Sífelld er verið að bútasama Nauthólsvíkina og Skerjaförðinn með nýjum og nýjum landfyllingum og passað er upp á að þær séu ekki af þeim stærðarskala að þær falli undir lög um skyldu til umhverfismats. Þetta svæði hefur að geyma mjög viðkvæmt lífríki en það er að engu haft.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: uppd. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019 br. 13. maí 2020, innkomnar athugasemdir, minnisblað Borgarlínunnar dags. 30. apríl 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.



**GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR** (smækkaður uppdráttur)

Samþ. í sveitarstjórn 15. júní 1999, með síðari breytingu samþ. í borgarráði 9. feb. 2017, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. mars 2017.



**GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR** mkv. 1:3000

Samþ. í sveitarstjórn 15. júní 1999, með síðari breytingu samþ. í borgarráði 9. feb. 2017, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. mars 2017.

**GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU**

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkur sem var samþykkt í sveitarstjórn 15. júní 1999, með síðari breytingu samþ. í borgarráði 9. feb. 2017, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. mars 2017.


Deiliskipulagsbreytingin felst í því að breyta deiliskipulagsmörkum og færa flugvallargirðingu á austari hluta Reykjavíkurflugvallar til móts við deiliskipulag Naughtólsvíkur, sem minnkar skipulagssvæðið um 4.456 m<sup>2</sup>. Landsvæðið sem færast út fyrir skipulagssvæðið færast yfir á deiliskipulagsbreytingu fyrir Naughtólsvík dags. 11.11.2019.

Breytt að lokinni auglýsingu 13. maí 2020:

Tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu var rýnd af Verkefnastofu Borgarlínu með tilliti til hindranafliata flugvallar og þeirra hönnunarforsenda sem stuðst er við í undirbúningi að gerð frumdragarskýrslu fyrir Borgarlínuverkefnið, sjá minnisblað Verkefnastofu Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020. Forsendur miða við að hæðarlega akstursleiðar borgarlínu verði minnst 5 m undir hindranafleti flugvallar og jafnvel neðar. Frekari útfærsla og hönnunarviðmið akstursleiðar Borgarlínu að Fossvogsbú verða hér eftir sem hingað til unnar í samráði við Ísavia

Sjá nánar í skipulagsreglum um Reykjavíkurflugvöll og minnisblað Borgarlínunnar dags. 30.04.2020.


Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

- Deiliskipulagsmörk Reykjavíkurflugvallar
- Öryggisgirðing Reykjavíkurflugvallar

A: 13.05.2020 Uppfærsla texta í kjölfar auglýsingar  
BREYTINGAR



**T.ark**  
ARKITEKTAR  
HÁÚN 2B - 105 REYKJAVÍK  
Sími: 540 5700  
tark@tark.is - www.tark.is

VERKNAFTI  
**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR**  
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI 2019

VERK  
Minnkun flugvallarins vegna samræmis  
við nærliggjandi deiliskipulög

MÁL  
1:1 / A1  
DAGSI  
13.11.2019  
HANNAÐ  
HE  
TEKNAÐ  
KK  
YRFARÐI

VERKUMER  
400-020  
FL  
04  
TEKINGANGUR  
1.1-01  
JTG  
A

SKAÐ: Hallgrímur Eiríksson, Aðalráðgjafi  
RÍ: 13022-039

Reykjavíkurborg - umhverfis- og skipulagssvið  
Bt skrifstofu skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14  
101 Reykjavík

Reykjavíkurflugvelli, 29. janúar 2020  
2001094KA

### Efni: Breytingar á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar

Vísað er til umsagnarbeiðnar dags 04.12.2019 varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík. Í gildi eru skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar settar af samgönguráðherra 7. ágúst 2009. Öryggisgirðing fyrir Reykjavíkurflugvöll er afmörkuð í skipulagsreglum en færslan í breytingartillögu deiliskipulags ekki í samræmi við þær reglur.

Í skipulagsreglum eru skilgreindir hindrunarfletir Reykjavíkurflugvallar sem settar eru á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga og reglugerðar nr. 75/2016: Reglugerð um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Hindrunarfletir eru skilgreindir sem svæði með hæðartakmörkunum á hvers konar mannvirkjum, farartækjum eða gróðri innan og í nágrenni flugvallarins og á áhrifasvæði hans, þar með talið girðingar.

Einnig þarf að taka tillit til helgunarsvæðis aðflugsbúnaðar við flugbrautarenda á braut 01, innan girðingar, en hann er hluti af búnaði við nákvæmnisaðflug til suðurs. Umferð ökutækja er ekki leyfileg innan 15m sunnan stefnusendis við brautarendann vegna truflana sem það getur haft á útsendingu búnaðar til loftfara í aðflugi.

Isavia ohf. gerir athugasemd við breytingartillöguna á meðan ekki liggur fyrir hæðarlega girðingar og nánari staðsetning þar sem mikil hættu er á að hún fari upp í hindrunarflöt flugvallarins sem er óheimilt samkvæmt framangreindu. Hafa þarf samráð við félagið vegna þessa varðandi ákvörðun á hæðarlegu akbrautar ásamt stærð og hraða ökutækja sem þarna munu fara um. Félagið bendir einnig á að hindrunarfletir og aðrar takmarkanir gildi einnig á framkvæmdatíma. Athugasemdir þessar eiga við um allar nýjar akbrautir og girðingar sem liggja meðfram Reykjavíkurflugvelli.

Isavia ohf. bendir einnig á að ef færa þarf öryggisgirðingu er óhjákvæmilegt að reisa nýja áður en sú gamla er fjarlægð. Þetta er í samræmi við þær ríku kröfur sem nú gilda. En kröfur til girðinga eru í dag mun meiri en voru þegar sú gamla var sett upp. Kostnaður af þessu mun falla á skipulagsyfirvöld borgarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Isavia ohf.

  
Hafdis Perla Hafsteinsdóttir, lögfræðingur

Afrit: Samgöngustofa

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna  
tillagna að breytingu á deiliskipulagi  
Nauthólsvíkur, Reykjavíkurflugvallar og  
Ingólfsstræti 1***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 28. janúar 2020 var svohljóðandi umsögn ráðsins um tillögur að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, Reykjavíkurflugvallar og Ingólfsstræti 1 lögð fram sbr. 10. lið fundargerðar s.d:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir því við umhverfis og skipulagssvið að í öllu deiliskipulagi sé liður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið fyrir. Það vantar að gera grein fyrir aðgengismálum í tillögum að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, Reykjavíkurflugvallar og Ingólfsstræti 1 og óskar íbúaráðið eftir því að það verði gert.

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

## Minnisblað


**STAÐUR | DAGS.:** Reykjavík | 30.04.2020  
**VIÐTAKANDI:** Reykjavíkurborg  
**SENDANDI:** II / HRH

## Um deiliskipulagsbreytingu við Reykjavíkflugvöll

Tillaga að legu Borgarlínu milli Nauthólsvegjar og fyrirhugaðrar Fossvogsbúar rýnd með tilliti til hindranafleta flugvallar og hönnunarforsenda sem notaðar eru við frumdrög Borgarlínu.

Í tillögu EFLU verkfræðistofu varðandi legu nýrrar götu sem notuð er til grundvallar í tillögu að deiliskipulagsbreytingu er gatan sýnd 7,2m og hjólastígur 2,7m.

Í frumdragarvinnu vegna Borgarlínu er unnið með að breidd götu fyrir Borgarlínu sé 7,0m og tvístefnuhjólastígar a.m.k. 3,0m.



Grunnmynd sýnir legu götu og stíga skv. deiliskipulagstillögu við suðurenda flugvallar. Hindranafötur flugvallar sýndur með bláum og rauðum hæðarlínum.

Í tillögu að nýju deiliskipulagi er Borgarlínugata almennt í um 3,5m fjarlægð frá flugvallargirðingu sunnan flugbrautarenda N-S flugbrautar. Þá virðist sem gatan og fyllingin sveigi til norðausturs áður en komið er fyrir horn girðingar austan megin við flugbrautarendann og þar eru aðeins um 2,5m milli götu og girðingar. Æskilegt væri að gatan haldi sömu fjarlægð frá girðingu á þessum kafla og sveigjan færir austar.


Við suðurenda flugbrautar er aðflugsbúnaður sem er með 15m helgunarsvæði, mælt frá miðri undirstöðu búnaðarins. Skv. upplýsingum frá ISAVIA um staðsetningu þessa aðflugsbúnaðar er fjarlægð milli búnaðarins og fyrirhugaðrar götu um 16m, mælt frá uppgefinni staðsetningu aðflugsbúnaðar og að þeim kanti götunnar sem nær er búnaðinum.

Hindranafletir vegna aðflugs/flugtaks eru í hæðarkóta 8,7-9,7m á krífskum stöðum þar sem Borgarlína og stígar eru fyrirhugaðir næst öryggissvæði flugvallar (merkt á mynd) og í hæðarkóta 9,2-9,7m á fyllingu sunnan flugbrautarenda.

Við skoðun á hæðarlegu nýrrar götu fyrir Borgarlínu hefur hér verið miðað við hæðarlega götu verði minnst 5m undir hindranafleti flugvallar, þ.e. sömu fríhæð eins og ef um væri að ræða vegbrú (skv. töflu 2.2-3 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar). Gert er ráð fyrir að lágmarks langhalli götunnar sé 0,5% við kanstein (sbr. kafla 3.4 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar).


Minnsti hæðarkóti Borgarlínugötu verður þannig 3,7m y.s. sem er 0,8m lægra en fyrirhuguð hæð landfyllingar.

Miðað við þessar forsendur verður gatan í skeringu á um 250 m löngum kafla suðaustan við flugbrautina (sjá grunnmynd). Mesta skering yrði allt að 3m og lágpunktur götunnar yrði í skeringunni þar sem hindranafliotur flugvallarins er lægstur.



Snið AA: Í mestu skeringu götu, á krífskum stað mtt. hindranafliotar.

Við flugbrautarenda þarf að aðlagða hæðarlegu að hindranafleti, lágpunkti götunnar og tengingar við fyrirhugaða brú yfir Fossvog.



Snið BB: Sunnan flugbrautar á nýrri landfyllingu.

Á næstu stigum hönnunar þarf að skoða nánar hæðarlegu götunnar með tilliti til sjávarfalla, afvötnunar og fríhæðar undir hindranafleti flugvallar.

Borgarlínu er hægt að koma fyrir milli Nauthólsvegjar og Fossvogsbrúar miðað við tillögu að breyttu deiliskipulagi, en þó með nokkurri landmótun og skeringu í núverandi land auk fyrirhugaðrar landfyllingar.

Taka mætti til athugunar hvort rétt sé að gera ráð fyrir breiðari stígum en gert er í deiliskipulagstillögunni þar sem um er að ræða mikið notaða útvistarstíga og til framtíðar má búast við enn meiri umferð hjólandi og gangandi. Gjarnan mætti vera rými til að breikka bæði hjóla- og göngustíga í a.m.k. 4m.





Reykjavík 15. maí 2020

**Varðar: Reykjavíkflugvöllur, breyting á deiliskipulagi.**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019.

Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn:

- 1) Isavia, dags. 29. janúar 2020.
- 2) íbúaráð Miðborgar og Hlíða, dags. 29. janúar 2020.

**1) Isaiva, dags. 29. janúar 2020**

Isavia bendir á hindrunarfleti Reykjavíkflugvallar varðandi hæðartakmarkanir í nágrenni flugvallar og áhrifasvæðis hans, og vill að hindrunarflötum flugvallar sé bætt inn á uppdrátt auk þess sem ekki megi rjúfa hindrunarflöt. Jafnframt að taka þurfi tillit til helgunarsvæðis aðflugsbúnaðar. Auk þess er gerð athugasemd við að á meðan ekki liggur fyrir hæðarlega girðingar og nánari staðsetning, og að hafa þarf samráð við Isavia varðandi ákvörðun á hæðarlegu akbrautar o.fl. Athugasemdir eiga við um allar nýjar akbrautir og girðingar sem liggja meðfram flugvellinum.

**Svar:** Að lokinni auglýsingu þá var tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu rýnd af teymi Borgarlínu verkefnisins með tilliti til hindranafmeta flugvallar og hönnunarforsenda sem notaðar eru við frumdrög fyrir Borgarlínu. Sjá nánar minnisblað teymis Borgarlínu sem fylgir með, dags. 30. apríl 2020. Við skoðun á hæðarlegu nýrrar götu fyrir Borgarlínu hefur verið miðað við hæðarlegu götu verði minnst 5 m undir hindranafleti flugvallar og verður þá minnsti hæðarkóti götunnar fyrir Borgarlínu í 3,7 m.y.s. sem er 0,8 m lægra en fyrirhuguð hæð landfyllingar. Miðað við þær forsendur þá verður gatan í skeringu á um 250 m löngum kafla suðaustan við flugbraut. Við enda flugbrautar þá þarf að aðlaga hæðarlegu að hindranafleti, lágpunkti götu og tengingar við fyrirhugaða brú yfir Fossvog. Þar sem núna er í gangi vinna við frumhönnun hjá teymi Borgarlínu þá þarf á næstu stigum hönnunar að skoða nánar hæðarlegu götunnar m.t.t. sjávarfalla, afvötnunar og fríhæðar undir hindranafleti flugvallar.

Niðurstöður þessar rýni þá er hægt að koma Borgarlínunni fyrir milli Nauthólsvegur og Fossvogsbrú miðað við auglýsta tillögu að breytta skipulagi, en þó með nokkurri landmótun og skeringu í núverandi auk fyrirhugaðrar landfyllingar. Með því móti þá er hægt að fara þarna um án þess að reglur ldavia verðir brotnir eða það hafi áhrif á hæðarlegu girðingar m.v. breyttu tillögu að staðsetningu hennar. Borgarlínan verður þannig í minnst 5 m undir aðflugs/ flugtaks hindraunarflötum fyrir flugvöllinn. Sjá nánar snið á minnisblaði sem er lagt fram samhliða samþykkt þessarar umsagnar.

---

Við útfærslu og hönnun á akbraut fyrir Borgarlínu skal haft samráð við rekstraraðila flugvallar varðandi fyrhugaðar framkvæmdir í ljósi þeirra regla sem gilda um og í kringum flugvöllinn auk þess sem vísað verður til skipulagsreglna fyrir Reykjavíkflugvöll í skilmálum. Taka skal tillit til helgunarsvæðis aðflugsbúnaðar og hindraunarfleti flugvallarins sbr. fjallað er um í minnisblaði teymi Borgarlínu. Fullt samráð skal haft við Isavia um útfærsluna á næstu stigum hönnunar og svo þegar að framkvæmdum kemur.

Eftirfarandi texta verður bætt við í greinargerð skipulagsins.

*“Tillaga að legu Borgarlínu á svæðinu var rýnd af Verkefnastofu Borgarlínu með tilliti til hindranaflata flugvallar og þeirra hönnunarforsenda sem stuðst er við í undirbúningi að gerð frumdragarskýrslu fyrir Borgarlínuverkefnið, sjá minnisblað Verkefnastofu Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020. Forsendur miða við að hæðarlega akstursleiðar borgarlínu verði minnst 5 m undir hindranafleti flugvallar og jafnvel neðar. Frekari útfærsla og hönnunarviðmið akstursleiðar Borgarlínu að Fossvogsbrú verða hér eftir sem hingað til unnar í samráði við Isavia”.*

## **2) Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.**

Íbúaráðið óskar eftir því að í öllu skipulagi sé sérliður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið fyrir. Það vantar að gera grein fyrir aðgengismálum í tillögu skipulagsins.

**Svar:** Ekki er talin þörf á að bæta við kröfum um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla, þar sem tillagan felur eingöngu í sér framkvæmd varðandi færslu girðingar (og færslu á skipulagsfmörkum) Reykjavíkflugvallar við skipulagsmörk Nautólsvíkur.

## **Niðurstaða**

Skipulagstillaga er uppfærð í samræmi við svör skipulagsfulltrúa. Bætt er við í skilmála ákveðin atriði sem lýst hér er að framan. Jafnframt er lagt fram minnisblað teymi Borgarlínu, dags. 30. apríl 2020 sem útskýrir einstaka þætti varðandi akbraut og legu fyrirhugaðrar Borgarlínu.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**